



Breytingar á reglugerðum GSÍ 2023

Hér á eftir er lýst helstu breytingum sem samþykktar voru af stjórn GSÍ þann 20. mars 2023.

1. Almenn atriði

1.1 Íslandsmót í holukeppni

Fyrirkomulagi mótsins er umbylt. Í stað riðlakeppni og útsláttarkeppni 32 keppenda af hvoru kyni munu nú a.m.k. 42 keppendur af hvoru kyni geta tekið þátt í 36 holu undankeppni í höggleik. Að henni lokinni fara 16 efstu keppendurnir í hreina útsláttarkeppni í holukeppni.

1.2 Íslandsmót og stigamót í unglingsflokkum

Aldursflokkum er breytt þannig að flokkar 17-19 ára og 19-21 árs eru sameinaðir í flokk 17-21 árs.

1.3 Íslandsmót golfklúbba

Í öllum reglugerðum um Íslandsmót golfklúbba hefur ákvæðum um birtingu liðsskipanar verið breytt. Reglur eru óbreyttar um skil liðsstjóra á liðsskipan, t.d. að skila þarf liðsskipan fyrir 1. umferð fyrir lok liðsstjórafundar daginn áður. Á hinn bóginn mun mótsstjórn ekki birta liðsskipanina fyrr en 2 klst. fyrir fyrsta rástíma viðkomandi umferðar. Það þýðir að fram að þeim tíma geta liðsstjórar breytt liðsskipaninni, t.d. ef leikmaður forfallast nóttina fyrir 1. umferð.

1.4 Staðarreglur og keppnisskilmálar

Auk breytinga á reglugerðum samþykkti stjórn GSÍ tillögur dómaranefndar GSÍ varðandi eftirfarandi mótaskjöl:

- a. Almennar staðarreglur um hegðun 2023
- b. Almennar staðarreglur um leikhraða 2023
- c. Almennir keppnisskilmálar og staðarreglur 2023
- d. Staðarregla um kylfubera á unglingsmótaröðinni 2023

2. Einstakar breytingar

2.1 Reglugerð um Íslandsmót í golfi karla og kvenna

- a. Skerpt á viðmiðunartíma forgjafar leikmanna. Engar efnislegar breytingar. Sjá 7. grein.

2.2 Reglugerð um Íslandsmót í golfi í unglingsflokkum 14 ára og yngri

- a. Skerpt á viðmiðunartíma forgjafar leikmanna. Engar efnislegar breytingar. Sjá 7. grein.

2.3 Reglugerð um Íslandsmót í unglingsflokkum 15 ára og eldri

- a. Aldursflokkar 17-19 ára og 19-21 árs sameinaðir í flokk 17-21 árs. Hámarksforgjöf sett sú sama og var áður í 19-21 árs flokkunum. Sjá 7. grein.
- b. Skerpt á viðmiðunartíma forgjafar leikmanna. Engar efnislegar breytingar. Sjá 7. grein.
- c. Nokkrar smávægilegar orðalagsbreytingar.



2.4 Reglugerð um Íslandsmót í holukeppni karla og kvenna

- a. Þátttökuréttur breytist þannig að 42 keppendur eru í hvorum flokki (7. grein)
- b. Leikfyrirkomulagi breytt. Fyrst er leikinn 36 holu höggleikur. Að honum loknum er leikin holukeppni þar sem 16 efstu keppendur úr höggleiknum leika í útsláttarkeppni (9. grein).
- c. Nokkrar smávægilegar orðalagsbreytingar.

2.5 Reglugerð um Íslandsmót í holukeppni í unglingsflokkum

- a. Aldursflokkar 17-19 ára og 19-21 árs sameinaðir í flokk 17-21 árs. Sjá 7. grein.
- b. Skerpt á viðmiðunartíma forgjafar leikmanna. Engar efnislegar breytingar. Sjá 7. grein.
- c. Hámarksforgjöf sett í öllum flokkum. Áður var mótsstjórn heimilt á ákvarða hámarksforgjöf. Sjá 7. grein.
- d. Nokkrar smávægilegar orðalagsbreytingar.

2.6 Reglugerð um stigamót

- a. Jafnmörg stig eru nú veitt vegna Íslandsmótsins í holukeppni eins og vegna Íslandsmótsins í golfi.

2.7 Reglugerð um stigamót unglinga

- a. Jafnmörg stig eru nú veitt vegna Íslandsmótsins í holukeppni eins og vegna Íslandsmótsins í golfi.

2.8 Reglugerð um Íslandsmót golfklúbba

- a. Nýr viðauki II útskýrir leikröð þegar sex sveitir eða færri mæta til leiks, sbr. 11. grein.
- b. Viðbót við 13. grein um að mótsstjórn skuli ekki birta ráslista með nöfnum leikmanna fyrr en 2 klst. fyrir fyrsta rástíma umferðarinnar.

2.9 Reglugerð um Íslandsmót golfklúbba í unglingsflokkum 15 ára og eldri

- a. Fyrri reglugerð um Íslandsmót unglinga í unglingsflokkum hefur verið skipt upp í tvær reglugerðir, annars vegar vegna 14 ára og yngri og hins vegar vegna 15 ára og eldri.
- b. Aldursflokkar 17-19 ára og 19-21 árs hafa verið sameinaðir í flokk 17-21 árs.
- c. Nýr viðauki III útskýrir leikröð þegar sex sveitir eða færri mæta til leiks, sbr. 11. grein.
- d. Viðbót við 12. grein um að mótsstjórn skuli ekki birta ráslista með nöfnum leikmanna fyrr en 2 klst. fyrir fyrsta rástíma umferðarinnar.

2.10 Reglugerð um Íslandsmót golfklúbba í flokkum eldri kylfinga

- a. Orðalag um aldursviðmið samræmt öðrum reglugerðum. Sjá 8. grein.
- b. Nýr viðauki II útskýrir leikröð þegar sex sveitir eða færri mæta til leiks, sbr. 11. grein.
- c. Viðbót við 13. grein um að mótsstjórn skuli ekki birta ráslista með nöfnum leikmanna fyrr en 2 klst. fyrir fyrsta rástíma umferðarinnar.